

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 23. janúar 2008 eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi:

1. Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Álfhella 12-14.

Breytingin felst í að lóðirnar nr. 12 og 14 við Álfhelli eru sameinaðar. Nýjar innkeyrslur eru gerðar á lóðina og jafnframt er innkeyrsla á lóð nr. 10 við Álfhelli breytt.

2. Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Einhella 2.

Breytingin felst í að byggingarreitur stækkar um 15 m til norðurs.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 30. janúar 2008 eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi:

3. Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Breiðhella 16.

Breytingin felst í að byggingarreit er snúið og hann miðjaður á lóð, verður 25,8 m x 45 m. Hæðarkóti plötu breytist úr 22,0 m í 22,6 m. Núverandi innkeyrsla á vesturhlið hliðrast um 6,5 m til austurs og ný samsvarandi innkeyrsla kemur á austurhlið.

Farið var með deiliskipulagsbreytingarnar skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 12. febrúar 2008,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 26. febrúar 2008